REGLUGERÐ

um gjaldskrá Húsnæðisstofnunar ríkisins.

1. gr.

Lántökugjöld af lánum veittum úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og af skuldabréfakaupum húsbréfadeildar eru:

1. Lán Byggingarsjóðs ríkisins: Lántökugjald er 1% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins.
2. Lán Byggingarsjóðs verkamanna: Lántökugjald er 0,5% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins.
3. Skuldabréfakaup húsbréfadeildar: Lántökugjald er 1% af fasteignaveðbréfi sem keypt er fyrir húsbréf og skal því haldið eftir við kaupin.

2. gr.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins tekur gjald vegna tæknilegra umsagna, kostnaðareftirlits og lokaúttekta á félagslegum íbúðarbyggingum, er nemur 0,75% af byggingarkostnaði, sem lagður er til grundvallar verksamnings auk virðisaukaskatts. Gjaldið verðbætist frá grunnverði samnings til greiðsludags samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Tæknideildin tekur tímagjald fyrir aðra þjónustu sem hún veitir er nemur 2.800 kr. á klukkustund, auk virðisaukaskatts, m.v. byggingarvísitölu í ágúst 1994, 197,8 stig, og tekur breytingum samkvæmt henni.

3. gr.

Gjöld vegna innheimtu af lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem í vanskilum eru:

1. Við sendingu greiðsluáskorunar 4.500 kr. auk virðisaukaskatts, á hverja greiðsluáskorun. Gjald er þó takmarkað við tvær greiðsluáskoranir á hverja íbúð í hvert sinn sem greiðsluáskoranir eru sendar út.
2. Við sendingu nauðungarsölubeiðna 2.000 kr. á hverja beiðni, auk virðisaukaskatts.
3. Við gerð kröfulýsinga í uppboðsandvirði 5.000 kr. á hverja kröfulýsingu, auk virðisaukaskatts.

4. gr.

Gjöld vegna starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins sem unnin eru af utanaðkomandi aðilum og innheimt af þeim byggjast á gjaldskrám þeirra.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 7. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Elín S. Jónsdóttir.